

Fundargerð 12. fundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar sem haldinn er 16. maí 2007 kl. 11:30 á skrifstofu ÞK, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir voru:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður

Árni Sigfússon, varastjórnarformaður

Stefán Þórarinnsson, stjórnamaður

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var borin upp og var hún samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Sala og leiga eigna
 - a. Tekið var fyrir tilboð frá Kvikmyndafélagi Íslands í byggingu 869. Stjórnin samþykkti að taka tilboðinu með fyrirvara um að sýnt væri fram á fjármögnun af hálfu tilboðsgjafa.
 - b. Tekin voru fyrir tilboð í auglýstar eignir á verktakasvæði. Stjórnin samþykkti að ræða betur við Base ehf um nánari útfærslu á þeirra tilboði.
 - c. Samþykkt var að útleiga nemendaíbúða á svæðinu tæki mið af gjaldskrá Félagsstofnunar stúdenta að teknu tilliti til afsláttar fyrst í stað til kynningar og til að veða upp ferðakostnað milli Reykjanesbæjar og háskóla á höfðaborgarsvæðinu.
3. Hlutfjárreiðing að Keili. Stjórnin samþykkti formlega að leggja til 10 milljóna króna hlutfjárframlag í Háskólafélagið Keili.
4. Samþykktur var lóðarleigusamningur við Reykjaneshöfn vegna væntanlegs álvers í Helguvík.
5. Útboðsmál
 - d. Samþykkt var að fara í útboð á gróðurumhirðu fyrir sumarið 2007
 - e. Stjórnin samþykkti að taka tilboði ÍAV Þjónustu í viðhaldseftirlit og -framkvæmdir á svæðinu.
6. Stjórnin samþykkti að veita framkvæmdastjóra umboð til undirritunar skjala vegna skráningar og sölu fasteigna.
7. Opinn dagur – Stjórnin samþykkti að halda sameiginlegan kynningardag á svæðinu í samstarfi við Keili.
8. Staða verkefna
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu helstu verkefna. Skýrt var frá áhuga fyrir uppbyggingu á rafrænum gagnageymslum á svæðinu.
9. Önnur mál
Stjórnin samþykkti að vinna með Sandgerðisbæ að skipulagi og uppbyggingu á fyrrum Rockville-svæði.
Samþykkt var erindi frá Lykilráðgjöf um þátttöku í greiningarverkefni sem gengur út á að meta viðskipta- og atvinnulíf á svæðinu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið